

Ársskýrsla

2005 – 2006

Reykjavík í mars 2010

Efnisyfirlit

Inngangur.	3
Starfsreglur sjóðsins.	5
Stjórn sjóðsins.	7
Skrifstofa sjóðsins.	9
Úthlutun.	10
Jöfnunarstyrkur.	14
Innheimta námslána.	14
Tölvumál.	16
Breytingar á fjármálum LÍN.	19
Töfluviðauki	21
Útlán	21
Jöfnunarstyrkur	25
Innheimta	26
Ársreikningur	28

Inngangur.

Endurskoðaðar úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2005–2006 voru samþykktar á fundi stjórnar 18. maí 2005. Með nýjum reglum var grunnframfærslan hækkuð um 3,8% eða úr 79.500 kr. í 82.500 kr. Reglum um tekjur sem koma til lækkunar á námstíma var gjörbreytt. Í stað þess að 33% tekna eftir skatt umfram svokallað frítekjumark (300 þús.kr.) komi til lækkunar var ákveðið að einungis 14% heildartekna kæmu til lækkunar á útreiknuðu láni. Frítekjumarkið var afnumið og engu máli skipti lengur hvort námsmaður var að koma úr námshléi eða ekki. Tillit til tekna var hið sama hvort heldur námsmaður bjó í foreldrahúsnæði, leiguhúsnæði eða eigin húsnæði. Jafnframt voru kröfur um námsframvindu í sumarnámi rýmkaðar og námsmönnum þannig auðveldað að flýta námslokum með námi allt árið. Námsmönnum erlendis var ekki lengur gert að framvísa farseðlum til að fá ferðalán. Sjálfsfjármögnun vegna innritunar- og skólagjalda var hækkuð úr 35 þús.kr. í 45 þús.kr. Samtals hélt stjórn sjóðsins 9 fundi á árinu 2005.

Fyrir utan endurskoðun úthlutunarreglna og róttækar breytingar á þeim var skuldbreyting eldri námslána mál málanna hjá sjóðnum árið 2005. Með lögum í desember 2004 var endurgreiðslukjörum námslána breytt og ákveðið að öll ný námslán (G-lán) yrðu veitt með nýjum kjörum frá og með árinu 2005. Þeim sem skulduðu svokölluð R-lán, sem höfðu verið veitt frá árinu 1992, gafst á hinn bóginn kostur á að skuldbreyta þeim þannig að sömu endurgreiðslukjör myndu gilda um þau lán og nýju lánin. Réttur til að sækja um skuldbreytingu var tímabundinn eða til 1. nóvember 2005, en stjórn sjóðsins samþykkti að gefa mönnum kost á að velja milli þess að fá lánunum breytt frá og með árinu 2005 eða 2006. Til að breytingin næði fram að ganga árið 2005 var ákveðið að menn þyrftu að sækja um hana fyrir 30. júní og skila fullgildu skuldabréfi til sjóðsins fyrir 14. júlí.

Í lok febrúar héldu stjórnarformaður sjóðsins og menntamálaráðherra blaðamannafund til að kynna skuldbreytinguna. Lykilatriði fyrir farsæla framkvæmd var rafrænt umsóknarferli á “Mínu svæði”, einkasvæði námsmanna á LÍN-vefnum. Aðgang að svæðinu höfðu menn úr heimabönkum sínum, en aðgangsstýringin var afrakstur samstarfs við íslenska banka og sparisjóði. Til að auðvelda lánþegum upplýsingaöflun vegna skuldbreytingarinnar útbjó LÍN kynningarefni og sérstaka reiknivél á vef sjóðsins. Skuldbreytingin var lánþegum að kostnaðarlausu.

Alls sóttu 9.692 um að skuldbreyta R-lánnum sínum. Þar af luku 8.102 (84,6%) ferlinu, en 1.590 (15,4%) hættu við. Alls fengu 539 bæði opið og lokað skuldabréf til undirritunar. Af umsækjendum um námslán 2005–2006 áttu 3.926 fyrir R-lán, en kusu fremur að skila inn nýju skuldabréfi (G-láni) en að sækja um skuldbreytingu. Því má ætla að vegna skuldbreytingar og lokunar eldri skuldabréfa í kjölfar nýju laganna hafi sjóðurinn sent frá sér rúmlega 14.000 skuldabréf umfram það sem annars hefði orðið.

Síðustu mánuði ársins 2004 og á árinu 2005 hækkaði gengi íslensku krónunnar umtalsvert. Þar sem lán til námsmanna erlendis eru reiknuð út í erlendri mynt, en borguð út í íslenskum krónum, gat

„Veigamiklar breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum LÍN fyrir skólaárið 2005–2006 þar sem m.a. frítekjumarkið var alfarið afnumið. Enn fremur var hægt að skuldbreyta R-lánnum í G-lán með lagabreytingu í desember 2004.“

„Ríkisendurskoðun reiknaði út að árið 2004 var raunkostnaður Lánasjóðsins 49% af útlánunum, auk framlags vegna rekstrargjalda (að frá-dregnum sértekjum). Endurskoðunarnefnd LÍN-laganna taldi að með nýju lánskjörunum þyrfti árlegt framlag ríkissjóðs að hækka í um 53% af útlánunum.“

Þetta haft örðugleika í för með sér, t.d. fyrir þá sem höfðu tekið íslenskt bankalán út á væntanlegt framfærslulán frá LÍN. Að beiðni SÍNE yfirfór stjórn LÍN útreikningsfyrirkomulag sjóðsins af þessu tilefni. Ekki var talin ástæða til að breyta því og á það bent að kostnaður námsmanna í útlöndum væri fyrst og fremst í erlendri mynt og að fyrirkomulagið tryggði afkomu þeirra þegar gengisþróunin væri í gagnstæða átt. Á hinn bóginn þótti eftirsóknarvert að námsmönnum stæði til boða að velja milli þess að fá bankalán á Íslandi í erlendri mynt eða íslenskum krónum. Athygli banka og sparisjóða var vakin á málinu og reið Sparisjóður vélstjóra á vaðið í apríl með því að bjóða námsmönnum upp á þetta val. Á stjórnarfund í maí var jafnframt samþykkt að námsmenn erlendis fengju aukalán til að mæta að hluta kostnaði vegna óvæntra og ófyrirséðra gengisbreytinga.

Í júní barst sjóðnum erindi frá greiðanda sem óskaði eftir afslætti ef hann borgaði upp ógjaldfallið námslán sitt. Eftir ítarlega yfirferð og að því gefnu að lánþeginn myndi greiða upp námslánið var honum boðinn afsláttur sem næmi kostnaðarlækkun sjóðsins vegna uppgreiðslunnar. Jafnframt var samþykkt að boð sem þetta væri háð því að lánþegi hefði borgað af námsláni sínu í a.m.k. fimm ár fyrir uppgjörið. Greiðandinn hafnaði tilboðinu, en sambærileg beiðni kom aftur inn á borð stjórnar í ágúst og var gengið frá fyrstu uppgreiðslunni á þessum grunni í september 2005.

Í lok september samþykkti fjármálaráðuneytið að verða við beiðni sjóðsins um lengri lánstíma og heimilaði Lánasýslu ríkisins endurlán til LÍN til allt að 25 ára í stað 15 ára áður. Fyrsta 25 ára lánið var síðan tekið 3. október með 3,89% ársvöxtum. (Ávöxtunarkrafa RÍKS 15 1001 að viðbættu 0,15% álagi). Fyrir utan hagstæð vaxtakjör var helsti ávinningur lengingarinnar að ná fram viðunandi jafnvægi milli lánstíma tekinna og veittra lána. Endurskoðunarnefnd LÍN-laganna, sem lauk störfum í nóvember 2004, áætlaði t.d. að með nýju lögum (lög nr. 140/2004) myndi meðalendurgreiðslutími námslána lengjast úr 18 árum í 22 ár.

Frá árinu 1992 hefur framlag ríkisins til LÍN verið við það miðað að það beri þann raunkostnað sem lánasjóðurinn hefur af lánveitingum til námsmanna. Ríkisendurskoðun hefur reiknað kostnaðinn út og var hann árið 2004 talinn nema 49% af útlánunum, auk framlags vegna rekstrargjalda (að frá-dregnum sértekjum). Endurskoðunarnefnd LÍN-laganna taldi að með nýju lánskjörunum þyrfti árlegt framlag ríkissjóðs að hækka í um 53% af útlánunum. Við afgreiðslu fjárlaga var tekið tillit til þessa og framlag úr ríkissjóði hækkað sérstaklega um 300 m.kr. Til viðbótar framlögum úr ríkissjóði til að mæta framtíðarskuldbindingum sjóðsins hafa raunlaunahækkanir greiðenda og lækkandi markaðsvextir haldið áfram að styrkja fjárhagsstöðuna. Vextir tekinna lána hjá Endurlánum ríkissjóðs náðu sögulegu lágmarki í upphafi árs 2005, en lituð yfir allt árið voru þeir á bilinu 3,67% - 4,37%.

Í fjárlögum fyrir árið 2005 voru almenn útlán áætluð 7.040 m.kr. en reyndust þegar upp var staðið 6.994 m.kr. Framlag ríkissjóðs var 4.050 m.kr.

Tekjuafgangur á árinu nam 3.340 m.kr. Bókfært eigið fé hækkaði um sömu fjárhæð eða úr 30.950 m.kr. í 34.290 m.kr. Núvirt eigið fé hækkaði á hinn bóginn um 2.800 m.kr. eða úr 11.200 m.kr. í 14.000 m.kr.

Við útreikning á raunkostnaði námslána er miðað við vegið meðaltal vaxta á teknum lánum sjóðsins og reyndist það vera 5,09% í árslok 2005. Útistandandi námslán eru færð niður um fjárhæð sem líklegt er að ekki náist að innheimta og sérstakur afskriftasjóður myndaður í efnahagsreikningi LÍN. Framlag í hann á árinu var 914 m.kr. Endanlegar afskriftir námu 414 m.kr. samanborið við 341 m.kr. árið á undan. Afskriftareikningur útlána í efnahagsreikningi LÍN hækkaði úr 8.800 m.kr. í 9.300 m.kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2006 voru ný almenn útlán áætluð 8.260 m.kr. Áætlunin gerði ráð fyrir ríkissjóðsframlagi að fjárhæð 4.113 m.kr. til afskrifta útlána og niðurgreiðslu vaxta og 364 m.kr. til rekstrar samtals 4.477 m.kr. Sértekjur til rekstrar voru áætlaðar 17 m.kr. Í þessari áætlun var tekið tillit til uppsafnaðra framlaga úr ríkissjóði á undanförunum árum umfram áætlaða framlagsþörf, samtals að núvirði 100 m.kr.

Starfsreglur sjóðsins.

Nokkrar breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum við endurskoðun þeirra fyrir námsárið 2005-06 og voru helstu nýmælin eftirfarandi:

1. Grein 1.3.3. Eitt af skilyrðum vegna láns til einkanáms í tónlist var breytt þannig að nú verður umsækjandi hafi lokið framhaldsprófi í tónlistarnámi skv. aðalnámskrá tónlistarskóla á Íslandi í stað 8. stigs áður.
2. Grein 2.1.1. Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma sem eiginlegt skólahald eða skyldunámskeið standa yfir og að jafnaði í tvö jafnlöng misseri, samtals 9 mánuði, fyrir fullt nám á skólaári. Almennu telst námsmaður í fullu námi ljúki hann 60 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á skólaári. (ECTS stendur fyrir "European Credit Transfer System".) Staðfesti skóli hvenær nám hefst á haustmisseri og hvenær síðasta prófi lýkur á vormisseri er heimilt að lengja hvort misseri í allt að fimm og hálfan mánuð. Ef fullt nám á skólaári stendur skemur en 8 mánuði skal skerða reiknaðan námstíma um það sem upp á 8 mánuðina vantar.
3. Grein 2.1.2. Nám á sumarönn tilheyrir undangengnu skólaári. Um sumarlán þarf að sækja sérstaklega. Námsmaður sem flýtir námslokum á rétt á fullu láni í þrjá mánuði yfir sumartímamann ljúki hann 20 ECTS-einingum á skólaárinu umfram fullt nám skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Námsmaður sem flýtir námslokum með því að ljúka yfir 100% námi á skólaári, sbr. gr. 2.3.1., getur þannig áunnið sér rétt til sumarlána út á staðfestar umframingingar. Ekki er lánað út á færri en 15 ECTS-einingar, nema fyrir liggja staðfest námslok á árinu 2006. Aðstoð á sumarönn reiknast sem aðstoð í hálfm misseri við ákvörðun heildarsvigrúms.
3. Grein 2.3.3. Orðalagi var breytt þannig að nú verður opnað fyrir að auka heildarsvigrúm í námi vegna örorku og lesblindu, sbr. grein 2.4.2.

„Grein 4.3. Lán til einstæðra foreldra hækkar um 37.125 kr. á mánuði fyrir hvert barn vegna náms á Íslandi og sambærilegt hlutfall sé námið stundað í útlöndum. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 14% tekna koma beint til frádráttar í stað 33% áður af tekjum yfir frítekjumarki.“

4. Grein 2.3.5. Nú verður heimilt að veita 50% lán á einstökum misserum þegar námsmaður fellur í einu námskeiði sem hefur 50% vægi af námsefni misserisins og skóli býður námsmanni ekki upp á sjúkra- eða endurtekningapróf fyrr en eftir næsta misseri.
5. Grein 2.4.2. Reglan er rýmkuð með nýrri undanþágu fyrir þá námsmenn sem hafa í a.m.k. í sex misseri á námstíma fengið undanþágu frá almennum skilyrðum um námsframvindu skv. grein 2.3.3. vegna örorku eða lesblindu.
6. Grein 2.5.4. Áréttað er með orðalagsbreytingu að þegar námsmaður sækir um frest á námslokum vegna þess að hann stundar lánshæft nám án námslána, þá gilda um hann sömu reglur og um lánþega, t.d. hve lengi menn eiga rétt á námslánum, sbr. grein 2.4.
7. Grein 3.1.1. Öll aðstoð til framfærslu á námstíma skólaárið 2005-2006 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er kr. 82.500. (Sjá nánar fylgiskjal I.)
8. Grein 3.4.4. Heimilt er að draga frá tekjum skólagjöld umfram þá fjárhæð sem námsmaður fær lánaða fyrir skv. gr. 4.8. að frádregnum 45.000 kr. og fastri afborgun námsláns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.
9. Grein 4.1. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 14% tekna koma beint til frádráttar í stað 33% áður af tekjum yfir frítekjumarki.
10. Grein 4.2.1. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 14% tekna koma beint til frádráttar í stað 33% áður af tekjum yfir frítekjumarki.
11. Grein 4.3. Lán til einstæðra foreldra hækkar um 37.125 kr. á mánuði fyrir hvert barn vegna náms á Íslandi og sambærilegt hlutfall sé námið stundað í útlöndum. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 14% tekna koma beint til frádráttar í stað 33% áður af tekjum yfir frítekjumarki.
12. Grein 4.4. Lán vegna meðlagsgreiðslna hækkar í 16.600 kr. á mánuði með hverju barni.
13. Grein 4.5. Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða í skráðri sambúð hækkar um 20.625 kr. fyrir hvert barn vegna náms á Íslandi og um sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 14% tekna koma beint til frádráttar í stað 33% áður af tekjum yfir frítekjumarki.
14. Grein 4.6.1. Ef veitt er lán vegna maka koma 14% tekna námsmanns og maka til frádráttar.
15. Grein 4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa verður 42.000 kr. á ári á Íslandi og sama hlutfall af grunnframfærslu í námi erlendis.
16. Grein 4.8. Sjálfsfjármögnun skólagjalda hækkar í 45.000 kr. á námsárinu.
17. Grein 4.12.2. Ferðalán vegna náms erlendis tekur mið af aðstæðum þegar sótt er um námslán og ákvarðast þannig fyrir heilt skólaár. Ekki er skilyrði að menn framvísi gögnum.
18. Grein 4.12.4. Ferðalán fyrir heilt skólaár greiðist út í tvennu lagi. Vegna náms í útlöndum greiðist það út í upphafi haust-

og vormisseris til annarra en námsmanna á fyrsta ári, sbr. grein 5.2.1. Vegna náms á Íslandi og til fyrsta árs nemenda í útlöndum greiðist ferðalán út með framfærsluláni í lok haust- og vormisseris.

19. Grein 5.3.1. Hámarksábyrgð sem ábyrgðarmaður getur veitt er hækkuð í 6,5 m.kr. vegna eins námsmanns.
20. Grein 5.3.2. Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni sem eru á vanskilaskrá eða teljast af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir ábyrgðarmenn að mati sjóðsins. Ef ábyrgðarmaður uppfyllir ekki þau skilyrði sem sjóðurinn gerir til ábyrgðarmanna, þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann og þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lántakandi kann að fá til viðbótar. Eldri ábyrgð fellur ekki úr gildi nema að henni sé sagt upp og ný sett í staðinn með samþykki sjóðsins.
21. Grein 5.7.1. Ofgreidd lán námsmanna erlendis eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi 17. maí 2005.
22. Grein 7.1.2. Lán úr sjóðnum eru verðtryggt með vísitölu neysliverðs og reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir útborgun. Eftir ákvörðun námsloka er skuld uppreiknuð og grunnvísitala skuldabréfs miðuð við vísitölu neysliverðs á námslokadegi.
23. Grein 7.3. Viðbótargreiðslan 1. september ár hvert miðast nú við 3,75% af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, en með tekjustofni er átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum fjármagnstekjum. Ef lánþegi er í sambúð er miðað við 50% fjármagnstekna hans og sambúðaraðilans og skiptir ekki máli hvort tekjurnar eru af séreign skv. kaupmála eða hjúskapareign. Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar og leggja fyrir stjórn sjóðsins bestu fánlegar upplýsingar um tekjurnar. Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns eða hafi lánþegi vantalið tekjur sínar á framtali er heimilt að fella allt lánið í gjalddaga.
24. Grein 7.4.3. Hafi sjóðnum ekki borist ósk um frestun á endurgreiðslu námslána 60 dögum frá gjalddaga afborgunar, er óheimilt að fresta afborguninni, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga um sjóðinn.
25. Grein 7.6. Lánþegi sem skuldar eldri námslán en G-lán skal fyrst endurgreiða eldri lánin. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu þeirra lýkur eða á að vera lokið skal hann hefja endurgreiðslu G-lánsins. Ef lánþegi skuldar R-lán og jafnframt V- eða S-lán skal hann fyrst greiða R-lánið. Ef lánþegi greiðir bæði af V- og S-láni dragast afborganir V-láns frá afborgunum S-lánsins.

Stjórn sjóðsins.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ), einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE),

„Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ), einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN), einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands (INSÍ), einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.”

einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN), einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands (INSÍ), einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

Stjórnarmenn.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er skilgreint í 5. gr. laga.

Stjórn Lánasjóðsins eins og hún var skipuð í júní 2005:

Fulltrúi menntamálar.: Gunnar I. Birgisson (formaður)

Fulltrúi menntamálar.: Kristín Edwald (varaform.)

Fulltrúi menntamálar.: Agla Elísabet Hendriksdóttir

Fulltrúi fjármálar.: Ásta Þórarinsdóttir

Fulltrúi SÍNE: Benedikta S. Hafliðadóttir

Fulltrúi SHÍ: Anna Pála Sverrisdóttir

Fulltrúi BÍSN: Eyrún Jónsdóttir

Fulltrúi INSÍ: Jónína Brynjólfssdóttir

Guðni Rúnar Jónasson tók sæti í stjórn sem aðalfulltrúi INSÍ í stað Jónínu Brynjólfssdóttur í ágúst 2005. Agla Elísabet Hendriksdóttir hætti sem aðalfulltrúi menntamálaráðuneytis í janúar 2006. Jakob Hrafnsson kom í hennar stað. Í mars 2006 tók Ásgeir Runólfsson sæti Önnu Pálu Sverrisdóttur sem aðalfulltrúi SHÍ.

Varamenn stjórnar á sama tíma voru þessir:

Varafulltr. formanns: Auður Guðmundsdóttir

Varafulltr. varaform.: Margrét Einarsdóttir

Varafullt. menntam.r.: Ásdís Rósa Þórðardóttir

Varafultrúi fjármálar.: Þórður H. Þórarinsson

Varafultrúi SÍNE: Heiður Reynisdóttir

Varafultrúi SHÍ: Agnar Freyr Helgason

Varafultrúi BÍSN: Anna Bergljót Thorarensen

Varamaður INSÍ: Hulda Katrín Stefánsdóttir

Sigurjón Pálsson var skipaður varafultrúi fjármálaráðuneytis í ágúst 2005 í stað Þórðar H. Þórarinssonar. Nathalía D. Halldórsdóttir kom inn sem varamaður SÍNE í stjórninni í stað Heiðar Reynisdóttur í ágúst 2005. Hjördís Jónsdóttir tók síðan sæti sem varamaður SÍNE í stað Nathalíu í janúar 2006. Garðar Stefánsson tók sæti Agnars Freys Helgasonar sem varafultrúi SHÍ í mars 2006. Anna Bergljót Thorarensen hætti sem varafultrúi BÍSN í apríl, í hennar stað kom Haukur Logi Karlsson.

Störf stjórnar.

Starfshættir stjórnarinnar voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum og störfuðu utan venjulegra stjórnarfunda í nokkrum nefndum, m.a. vafamála-, endurgreiðslu- og endurskoðunarnefnd.

Málskotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna málskotsnefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar LÍN séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.

Málskotsnefnd var þannig skipuð:

Arnfríður Einarsdóttir, lögfræðingur, formaður.
Helgi Jóhannesson, hæstaréttarlögmaður.
Sigurður Ingi Halldórsson, lögfræðingur.

Skrifstofa sjóðsins.

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 21, Reykjavík, Höfðaborg.

Starfsemin skiptist í þrjár deildir, þ.e. afgreiðsludeild, fjármála- og rekstrardeild og lánadeild. Leitast er við að á hverju sérsviði innan hvernar deildar starfi a.m.k. tveir starfsmenn eftir því sem við verður komið. Sjóðurinn er með samning við fyrirtækið Skúlason ehf. um símsvörunarþjónustu. Símtöl sem starfsmaður á skiptiborði Lánasjóðsins nær ekki að svara fara sjálfkrafa til starfsmanna Skúlasonar sem svara fyrirspurnum eða taka niður skilaboð sem send eru áfram til starfsmanna Lánasjóðsins.

Fyrir utan hin daglegu verkefni, er unnið í deildunum að ýmsum sérverkefnum eftir því sem tilefni gefst til.

Afgreiðsludeild:

Starfssvið afgreiðsludeildar er fyrst og fremst dagleg afgreiðsluþjónusta í síma og afgreiðslusal, umsjón með vistun og skráningu skjala, faxsendinga og tölvupósts, bóka og annarra gagna, svo og ákveðin verkefni fyrir framkvæmdastjóra. Undir afgreiðsludeild heyrir umsjón með kaupum á vörum og þjónustu. Umsjón með skilum á nýjum skuldabréfum frá lánþegum og varðveisla skuldabréfa. Skráning og frágangur á uppgreiddum skuldabréfum. Eftirlit með áreiðanleika lánþega sem skuldara og ábyrgðarmanna. Ýmis samskipti við banka og sparisjóði vegna afgreiðslu lána og bankaábyrgða. Undir deildina heyrir einnig umsjón með vefsvæðinu “Sent og svarað”.

Fjármála- og rekstrardeild:

Helstu verkefni deildarinnar felast í umsjón með fjárreiðum sjóðsins, áætlanagerð og daglegum rekstri tölvukerfa. Deildin gerir áætlanir um námsaðstoð, rekstur, fjárfestingu, sjóðsstöðu og fjárþörf og ber saman við rauntölur. Bókhald og greiðslur reikninga, starfsmannahald og innheimta námslána er á verksviði deildarinnar. Daglegur rekstur tölvukerfa sjóðsins er á ábyrgð deildarinnar og jafnframt móttaka og sending tölvugagna, hönnum eyðublaða, framkæmd útgáfumála og prentun gagna og eyðublaða.

Lánadeild:

Á starfssviði deildarinnar eru m.a.: Ákvarðanir teknar um upplýsingar sem lánþegum er ætlað að gefa til þess að framfylgt verði reglum. Öflun upplýsinga um skipulag náms í þeim löndum og skólum sem lánþegar stunda nám, mat á skólum og námsgreinum. Vistun þeirra upplýsinga. Námseftirlit. Kostnaðareftirlit. Tillögugerð til stjórnar um kröfur sjóðsins til námsframvindu og útreikning námslána skv. þeim. Útgáfa upplýsingabæklinga og annars upplýsingaefnis um námsframvindu kröfur sjóðsins, úthlutunar- og vinnureglur. Ráðgjöf og viðtöl við lánþega. Samskipti við skóla, banka og sparisjóði. Umsagnir um lánshæfi náms. Skráning og úrvinnsla upplýsinga frá

“Menntamálaráðherra skipar þriggja manna málskotsnefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar LÍN séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.”

„Í júní 2005 voru 25 starfsmenn í starfi við sjóðinn.“

námsmönnum í tölvukerfi. Umsagnir um vafamál og vinnslur vegna vafamálanefndarfunda, fundargerðir og bréfaskrifir vegna þeirra. Aðstoð við framkvæmdastjóra vegna tiltekinna verkefna.

Starfsmannahald.

Í júní 2005 voru 25 starfsmenn í starfi við sjóðinn. Framkvæmdastjóri sjóðsins var Steingrímur Ari Arason. Edda Kristjánsdóttir var deildarstjóri afgangsluideildar, Stefán Aðalsteinsson deildarstjóri fjármála- og rekstrardeildar og Hlöðver Bergmundsson deildarstjóri lánadeildar.

Aðrir starfsmenn hjá sjóðnum í júní 2005 voru:

Anna Jóna Baldursdóttir
Anna Kristín Sigurðardóttir
Ásrún Helga Kristinsdóttir
Bergljót Þórðardóttir
Eydís Arna Eiríksdóttir
Guðfinna Guðfinnsdóttir
Guðbjörg Erla Benjamínsdóttir
Guðbjörn Guðmundsson
Guðrún Sesselja Grímsdóttir
Helgi Loftsson
Jóhanna Gunnarsdóttir
Jóhanna Steingrímsdóttir
Jón Guðni Sveinsson
Margrét Árnadóttir
Petrína Sæunn Úlfarsdóttir
Rafn Baldur Gíslason
Rannveig Lind Egilsdóttir
Sigríður Björg Árnadóttir
Sigríður Ágústsdóttir Morthens
Sigurlína Ingadóttir
Svandís Helga Halldórsdóttir

Eydís Arna Eiríksdóttir hætti störfum í júlí 2005 og Anna Kristín Sigurðardóttir hætti 1. september 2005. Hilda Björg Stefánsdóttir sem hafði verið í afleysingum fór í fullt starf í afgangsluideild fram í febrúar 2006.

Starfsemin.

Í starfi skrifstofunnar vega þýngst tveir málaflokkar: úthlutun lána og innheimta afborgana. Allir starfsmenn sjóðsins taka með einhverjum hætti þátt í þessum meginverkefnum. Önnur verkefni eru: Reikningshald, úthlutun jöfnunarstyrkja, kynning, útgáfa, innra eftirlit, stefnumótun, áætlana og skýrslugerð.

Úthlutun.

Úthlutun lána á námsárinu 2005–2006 fór fram með svipuðum hætti og námsárið á undan. Áfram var lögð áhersla á það að beina sem flestum umsækjendum inn á rafræn samskipti og til að auðvelda þeim það var nýr umsóknarvefur tekinn í notkun á ytri vef sjóðsins. Jafnframt hóf sjóðurinn samstarf við banka og sparisjóði um auðkenningar- og aðgangsstýringarþjónustu þannig að umsækjendur gátu valið að tengjast lánsúmsókn í gegnum heimabanka sinn auk þess sem hægt var að tengjast úmsókn eftir skráningu hjá Form.is. Þann 29. júní 2005 var sent bréf til 7.333


lánþega námsársins á undan þar sem þeir voru hvattir til að sækja um lán á vef sjóðsins, ætluðu þeir sér á annað borð að sækja um námslán. Þeir sem ekki gátu nýtt sér þá þjónustu gátu nálgast hefðbundið eyðublað í afgreiðslu sjóðsins. Til viðbótar voru send út viðeigandi bréf til þeirra sem: a) gert var ráð fyrir að væru að ljúka námi á skólaárinu 2004-05; b) höfðu sótt um lán á haustönn 2004, en ekki á vorönn 2005; c) áttu að öðru óbreyttu ekki rétt á áframhaldandi lánnum. Uppruni umsókna á námsárinu var með þeim hætti að rafrænar umsóknir voru 83,2% (bankar og sparisjóðir 68,4%, Form.is 14,6%, Inna 0,2%) og pappírsumsóknir reyndust vera 16,8%.

Námsáraskipti gengu vel fyrir sig og var námsárið 2005-06 stofnað inn í námslánakerfinu þ. 5. júlí 2005. Útreikningur lána hófst svo 7. júlí 2005 og fylgdi því að venju álag á síma og afgreiðslu. Daginn eftir voru sendar út lánsáætlanir fyrir komandi námsár og skólagjalda- og ferðalán greidd út fyrirfram til annarra en 1. árs nema. Námsmenn gátu framvísað lánsáætluninni í sínum viðskiptabanka og fengið þar fyrirgreiðslu út á væntanlegt framfærslulán. Útborgun framfærslulána vegna haustannar 2005 hófst 20. desember til þeirra námsmanna erlendis sem skilað höfðu umbeðnum gögnum, þ.m.t. námsframvindu. Almenn úthlutun lána hófst svo 6. janúar 2006 til annarra umsækjenda. Almenn útborgun framfærslulána vegna vorannar 2006 hófst 29. maí til allra umsækjenda.


Sjóðurinn fékk sendan námsárangur með rafrænum hætti frá öllum háskólum á Íslandi eða fyrir rúmlega 8.100 umsækjendum, en starfsmenn sjóðsins þurftu að handskrá námsárangur fyrir 1.200 námsmenn á Íslandi og 3.000 námsmenn erlendis. Úthlutun lána gekk hratt og vel fyrir sig. Þann 6. febrúar 2005 hafði borist námsárangur fyrir 93% umsækjenda á Íslandi og 51% umsækjenda erlendis vegna haustannar 2005 og 19. júní hafði borist námsárangur fyrir 85% umsækjenda á Íslandi og 24% erlendis vegna vorannar 2006. Álag í afgreiðslu og síma fylgdi misserislokum þegar framfærslulán voru greidd út.

Í nóvember 2005 fengu 10.377 umsækjendur bréf þar sem þeim var bent á að þeir þyrftu að endurskoða tekjuáætlun sína áður en af útborgun haustláns gæti orðið. Umsækjendur voru þar hvattir til að nýta sér rafræn eyðublöð á vef sjóðsins, eins og fyrr á árinu og staðfesta þannig tekjuáætlun sína. Hefðbundin eyðublöð var þó hægt að nálgast í afgreiðslu sjóðsins. Umsækjendur þurftu síðan endanlega að staðfesta tekjuupplýsingar sínar á Íslandi með afriti af skattframtali 2006 og skattframtali erlendis ef eftir því var leitað. Þeir umsækjendur sem töldu fram allar sínar tekjur á vef RSK voru undanþegnir því að leggja fram afrit skattframtals. Sent var út sérstakt bréf 7. mars 2006 til 11.645 umsækjenda vegna skila á skattframtalsupplýsingum.


Til undirbúnings útborgunar framfærslulána voru send árituð skuldabréf til útfyllingar til allra umsækjenda nema þeirra sem höfðu veturinn áður látið skuldbreyta eldri lánnum yfir í G-lán og þannig gefinn kostur á að ganga tímanlega frá ábyrgðinni áður en til úthlutunar kæmi. Í nóvember 2005 voru send út 3.278 ný skuldabréf vegna úthlutunar á haustönn og í apríl 2006 voru send út 588 ný skuldabréf og 127 viðótarábyrgðir vegna úthlutunnar á vorönn.




Fjöldi sem fékk undanþágu frá kröfu um lágmarksárangur, haust 2005



Fjöldi sem fékk undanþágu frá kröfu um lágmarksárangur, vor 2006



Fjöldi lánþega á námsárum



Eins og undanfarin ár var ákvörðun námsloka og undirbúningur að lokun R-skuldabréfa hafinn með útsendingu á sérstöku tilkynningarbréfi. Að þessu sinni var markhópurinn þeir sem höfðu lokið lánshæfu námi á námsárinu 2004-05 eða síðan þá ekki sent sjóðnum neinar upplýsingar um lánshæfan árangur. Bréfið var sent út 26. október 2005 til 3.501 fyrrum lánþega og þeir upplýstir um væntanleg námslok og upphaf á endurgreiðslum á árinu 2005. Þeir sem höfðu haldið áfram námi voru hvattir til að hafa samband við sjóðinn og fá námslokunum breytt.

Gefinn var út bæklingur með úthlutunarreglum sjóðsins ásamt útskýringum og dæmum. Einnig gátu námsmenn fengið sérstakan bækling með þeim lögum og reglugerðum sem gilda um sjóðinn.

Í töfluviðauka er gerð töluleg grein fyrir helstu atriðum úthlutunar. Á námsárinu 2005–2006 voru 12.329 umsækjendur um námslán en 11.655 árið á undan. Þeim fjölgaði um 674 eða 5,8% í stað 693 eða 6,3% árið á undan og hefur heldur dregið úr þeirri miklu aukningu sem verið hefur sl. ár. Af umsækjendum urðu 10.311 lánþegar eða 83,6% umsækjenda og er það hærra hlutfall en árið á undan, en þá lækkaði það. Lánþegum fjölgaði um 660 frá fyrra ári eða 6,8% á móti 5,7% í fyrra. Þeim fjölgaði um 6,9% á Íslandi og eins bæði í háskóla- og sérnámi, en hafði fjölgað um 5,9% árið á undan. Á sama tíma fjölgaði lánþegum erlendis um 6,6% á móti 5,0% árið áður. Þegar litið er á fjöldataölur lánþega alveg aftur til námsársins 1990–91, kemur í ljós að þeim fækkaði verulega á námsárinu 1992–93 en fjöldinn hélst nokkuð stöðugur eftir það, u.þ.b. 6 þúsund manns eða allt fram til 1999–2000. Síðan þá hefur lánþegum fjölgað um 4.533 eða 78%, þar af hefur þeim fjölgað um 3.785 eða 96% á Íslandi en 748 eða 41% erlendis.

Ef skipting lánþega eftir námsstigi er skoðuð, sést að hlutfall þeirra sem skráðir eru í framhaldsháskólanám hækkar jafnt og þétt, er nú 14,1% miðað við 11,7% í fyrra. Á sama tíma fækkar þeim hlutfallslega sem eru skráðir í grunnháskólanám, fer úr 74,3% í 72,3% milli ára en svipað hlutfall stundar sérnám, 13,6%. Á þessi þróun bæði við um nám erlendis og nám á Íslandi. Þó er þessi skipting niður á námsstig með ólíkum hætti hjá námsmönnum erlendis og Íslandi eins og reyndin hefur verið sl. ár. Erlendis voru 27,3% þeirra í framhaldsháskólanámi, 55,8% í grunnháskólanámi og 16,8% í sérnámi, en á Íslandi voru 9,8% í framhaldsháskólanámi (fjölgaði um 228 milli ára) 77,6% í grunnháskólanámi og 12,6% í sérnámi.

Lánþegum í foreldrahúsum á Íslandi fjölga um 7,4% milli námsára miðað við óbreytt ástand árið áður. Barnlausum einstaklingum í leiguhúsnæði/eigin húsnæði á Íslandi fjölgaði um 211 eða 7,7% í stað 5,4% fjölgunar árið áður. Þeim fjölgaði um 46 erlendis eða 2,7% í stað 4,2% árið á undan. Fjölskyldufólki, þ.e. lánþegum með börn á framfæri heldur áfram að fjölga milli ára. Einstæðum foreldrum meðal námsmanna fjölgaði um 41 eða 4,6% milli ára, aðeins meira en árið áður þegar þeim fjölgaði um 3%. Fjölgunin var hlutfallslega mun meiri erlendis þar sem hún var 22,2% í stað 9,2% fækkunar árið áður og 2,4% á Íslandi í stað 4,7% árið áður. Lánþegum með börn á framfæri í hjónabandi eða sambúð fjölgaði um 252 eða 9%, en þeim hafði fjölgað um 10,6% árið áður. Fjölgunin meðal þeirra var nokkru

meiri erlendis en á Íslandi, öfugt við árið á undan, á Íslandi fjölgaði þeim um 159 eða 7,2%, en erlendis fjölgaði þeim um 93 eða 15,4%. Ástæðan fyrir því að þessum hópi námsmanna heldur áfram að fjölga má m.a. rekja til aukins námsframboðs og breytinga sem áður höfðu verið gerðar á úthlutunarreglunum, þ.e. makatekjur höfðu engin áhrif á upphæð láns nema í þeim tilfellum þegar sótt var um sérstakt makalán.

Nýnemum í hópi lánþega, þ.e. þeim sem eru að hefja lánshæft nám í fyrsta sinn fjölgar um 28 milli ára eða 1,2% í stað fækkunar um 2,8% árið áður. Nýnemum erlendis fjölgaði um 40 eða 10,9% milli ára miðað 9,2% fækkun árið á undan, en á Íslandi fækkaði þeim um 12 eða 0,6% í stað 1,5% fækkunar árið áður. Fjölgun lánþega námsárið 2005-06 virðist því fyrst og fremst skýrast af því að eldri lánþegar eru að hefja nám á Íslandi aftur eftir námshlé.

Heildarupphæð veittrar aðstoðar hækkaði um 16,9% milli ára á móti tæpri 7% hækkun árið áður. Í námi á Íslandi hækkaði heildarlánaupphæðin um 16,6% en 17,4% erlendis. Meðallán til námsmanna erlendis hækkaði um 10,1%, en það hafði lækkað um 6,8% árið á undan í íslenskri mynt. Upphæð meðallána til lánþega á Íslandi hækkaði hins vegar um 9,1% í stað 5,6% árið á undan.

Meðallánið á Íslandi er 4% lægra en grunnframfærsla námsmanns á Íslandi, var 9% árið á undan en meðallánið erlendis reyndist vera 35% hærra, en var 27% hærra á námsárinu á undan. Þessi munur skýrist m.a. af því að meiri tekjufrádráttur er á lánnum til námsmanna á Íslandi, ýmis viðbótarkostnaður (skólagjöld, ferðalán o.fl.) er mun meiri erlendis en á Íslandi og framfærslan erlendis yfirleitt hærri en á Íslandi. Bilið á milli meðallána á Íslandi og erlendis hefur þó minnkað undanfarin ár vegna hagstæðrar gengisþróunar, þ.e. sterkrar stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendri mynt.

Heildarlán vegna skólagjalda á námsárinu voru tæpar 976 m.kr. sem er 182 m.kr. hækkun frá fyrra ári eða 22,9%. Skólagjaldalán voru veitt til 2.229 lánþega í stað 1.781 árið á undan, sem er fjölgun um 448 manns eða 25,2%. Meðalskólagjaldalánið var tæpar 438 þ.kr. í stað 446 þ.kr. í fyrra, sem er 1,8% lækking á móti 18,2% hækkun árið á undan.


405 námsmenn erlendis fengu skólagjaldalán eða 31 fleiri en árið áður sem er 8,3% fjölgun. Heildarlán vegna skólagjalda til námsmanna erlendis voru tæpar 378 m.kr., sem er hækkun um rúmar 32 m.kr. eða 9,3%. Meðalskólagjaldalán til lánþega erlendis hækkar lítillega milli ára, fer úr 924 þ.kr. í 933 þ.kr. sem er 1% hækkun frá fyrra ári.

Þeim sem fengu lán vegna skólagjalda á Íslandi fjölgaði úr 1.407 í 1.824 eða 29,6% frá fyrra ári og heildarlán vegna skólagjalda á Íslandi hækkuðu úr 448 m.kr. í 598 m.kr. sem gerir 33,4% hækkun. Meðalskólagjaldalánið á Íslandi hækkaði um 2,9% milli ára, fór úr 319 þ.kr. í 328 þ.kr.


Heildarupphæð skólagjaldalána á Íslandi hefur aukist verulega á undanförunum árum, sbr. meðfylgjandi línurit.

Engin markaðskjaralán voru veitt vegna skólagjalda á þessu námsári vegna breyttra úthlutunarreglna.


Skipting milli námsstiga á Íslandi




Skipting milli námsstiga erlendis



Fjöldi lánþega eftir kyni og tegund náms



Skólagjaldalán á Íslandi (m.kr.)



Jöfnunarstyrkur.

Eins og á fyrri námsárum gátu umsækjendur sótt um á rafrænu umsóknareyðublaði á vef sjóðsins, en hefðbundin umsóknareyðublöð voru þó í undantekningartilfellum send til þeirra sem ekki gátu nýtt sér það. 97% umsækjenda sóttu um í gegnum netið en 3% með pappírsumsókn. Umsóknarfrestur var til 31. október vegna haustmíssis 2004 og til 31. janúar vegna vormíssis 2005. Heimilað var þó að taka við umsóknum í mánuð eftir auglýstan umsóknarfrest og skyldu þeir styrkir skertir um 1% fyrir hvern dag fram yfir framangreindan frest.

7.648 umsóknir bárust vegna námsársins, þar af 3.720 vegna haustmíssis 2005 og 3.928 vegna vormíssis 2006 og eru það 328 umsóknum fleiri en árið áður eða 4,5% hækkun á móti 4,9% hækkun árið áður. 6.500 umsóknir voru samþykktar eða 85% innsendra umsókna í stað 86,7% árið áður og er það fækkun um 160 frá fyrra ári eða 2,4%. Af samþykktum umsóknum voru 4.034 eða 62,1% vegna dvalarstyrks og 2.466 eða 37,9% vegna akstursstyrks, sem er hlutfallsleg tilfærsla upp á 2,6% frá dvalarstyrk til akstursstyrks en var 1,6% í fyrra. Veittum dvalarstyrkjum fækkaði um 272 milli ára eða 6,3%, en akstursstyrkjum fjölgaði um 112 eða 4,8%.

Upphæð dvalarstyrks var 92.000 kr. á hvoru mísseri og aksturstyrks 52.000 kr. á mísseri. Á haustmísseri 2005 voru afgreiddir 2.083 dvalarstyrkir og 1.286 akstursstyrkir. Á vormísseri 2006 voru afgreiddir 1.951 dvalarstyrkir og 1.180 akstursstyrkir.


Innheimta námslána.

Innheimta námslána árið 2005 nam alls 3.743.965 þús. kr. og hækkaði um 4,1% frá árinu 2004, en þá var innheimtan 3.593.428 þús.kr. Innheimta dráttarvaxta nam 52,6 m.kr. sem er 41% lækkun frá innheimtu ársins 2004 en þá voru þeir 74,3 m.kr.

Á árinu 2005 var byrjað að veita nýja tegund lána, svokölluð G-lán. Jafnframt var greiðendum R-lána gefinn kostur á að skuldbreyta R-lánunum sínum yfir í G-lán. Alls nýttu 8.102 greiðendur sér þann möguleika.

Greiðendum fækkaði um 165 milli ára og voru 27.362. Greiðendum R-lána fjölgaði um 950 í 14.926, greiðendum S-lána fækkaði um 557 í 10.861 og greiðendum V-lána fækkaði um 558 í 1.575. Á árinu 2005 var í fyrsta sinn greitt af hinum nýju G-lánunum. Greiðendur þeirra voru 2.328. Greiðslan náði til tekjutengdu afborgunarinnar, þar sem fasta afborgunin var af R-láni. Hlutfall kvenna sem greiðenda var 45,3% af V-lánunum, 55,1% af S-lánunum og 54,8% af R-lánunum. V-lán voru veitt frá hausti 1976 til vors 1982, S-lán frá hausti 1982 til vors 1992, R-lán frá hausti 1992 til vors 2005 og G-lán frá þeim tíma. Meðalaldur þeirra sem greiða af G-lánunum er 35 ár, 35 ár hjá þeim sem greiða af R-lánunum, 43 ár hjá þeim sem greiða af S-lánunum og 50 ár hjá greiðendum V-lána.


Umfangsmiklar tölvuvinnslur eru fólgnar í því að mynda gjalddaga námslána og prenta innheimtuseðla og ítrekanir vegna greiðslna í vanskilum. Myndaðir voru 50.681 gjalddagar á árinu 2005 í reglulegum vinnslum, þar af 25.960 með útsenda greiðsluseðla, 23.382 vegna greiðsludreifingar og 1.339 vegna lögmansinnheimtu.



Þeir skiptust þannig eftir tegund lána og gjalddögum:

Tegund Láns	Gjalddagar	Útsendir seðlar	Greiðslu-dreifing	Lögmanns-innheimta	Alls
G-lán	1.9.2005	1.072	1.299	0	2.371
R-lán	1.3.2005	7.232	6.352	403	13.987
R-lán	30.6.2005	1.461	162	0	1.623
R-lán	1.9.2005	4.676	4.786	261	9.723
S-lán	1.3.2005	5.018	4.792	306	10.116
S-lán	1.9.2005	4.704	4.807	272	9.783
V-lán	1.7.2005	981	603	48	1.632
V-lán	1.11.2005	816	581	49	1.446
Alls		25.960	23.382	1.339	50.681

Fjöldi skuldunauta 31. desember 2005



Miðað við árið áður fjölgaði þeim um tæp 1% sem kusu að deila afborgunum námslána niður á fleiri en eina greiðslu. Það voru rúm 46% greiðenda sem nýttu sér greiðsludreifingu viðskiptabanka eða LÍN-greiðsludreifingu, sem er sama hlutfall og árið 2004. Sjóðurinn býður einnig upp á skuldfærslu í einu lagi á kreditkort og eru það einkum greiðendur búsettir erlendis sem nýta sér þá þjónustu.

Eins og undanfarin ár voru sendar ítrekanir til greiðenda í vanskilum. Ef afborgun er ekki greidd er send ítrekun til greiðanda 20 dögum eftir gjalddaga, til greiðanda og ábyrgðarmanns/manna 40 dögum eftir gjalddaga og lokaviðvörðun 15 dögum síðar. Alls voru sendar 15.883 ítrekanir til námsmanna vegna fastrar og/eða tekjutengdrar afborgunar á árinu 2005, sem er fækkun um 6,4% frá árinu 2004, þar af 7.977 sem fyrsta ítrekun, 4.642 sem önnur ítrekun og 3.264 sem lokaviðvörðun.


Í ákveðnum tilvikum kunna greiðendur að eiga rétt á undanþágu frá endurgreiðslum námslána. Almenn skilyrði eru þau að tekjur hafi verið lággar og að það stafi af tilteknum ástæðum, s.s. námi, örorku, atvinnuleysi eða veikindum. Einnig er heimilt að veita undanþágu ef hagir lánþega breytast verulega, þó svo hann sé yfir tekjumörkum. Ekki eru til nákvæmar tölur yfir veittar undanþágur árið 2005, en ætla má að þær hafi verið aðeins fleiri en árið 2004 eða tæplega 1.500. Árið 2004 voru veittar 1.288 undanþágur.

Eftirstöðvar V-lána voru um áramót 1.064 m.kr. og lækkuðu um 465 m.kr. á árinu. Eftirstöðvar S-lána voru 25.233 m.kr. og lækkuðu um 468 m.kr. á árinu. Eftirstöðvar R-lána voru 31.469 m.kr. og lækkuðu um 10.909 m.kr. á árinu. Skýringin á þeirri lækkun er sú að á árinu 2005 var R-lánnum upp á 16.225 m.kr. skuldbreytt yfir í G-lán. Eftirstöðvar G-lána um áramót voru 17.907 m.kr. Heildarskuld vegna þessara fjögurra lána flokka er 75.675 m.kr. sem er hækkun um 6.066 m. kr. milli ára. Í afskriftarsjóði eru 9.300 m.kr. sem er hækkun um 500 m. kr. milli ára.


Upplýsingar um skuldastöðu um áramót og greiðslur ársins voru ekki sendar til lántakenda heldur voru upplýsingarnar birtar á "Mínu svæði" viðskiptavina sjóðsins og jafnframt sendar til RSK, sem forskráði skuldastöðu og vaxtagreiðslur á skattframtöl.

Alls voru raunafskriftir sjóðsins á árinu 414,5 m.kr., þar af 374 m.kr. vegna 20 ára reglu V-lána, en eftirstöðvar þessa lána flokks falla niður þegar greitt hefur verið af slíku láni í 20 ár. Rúmar 39 m.kr. voru afskrifaðar vegna andláts lánþega, en ógjaldfallnar eftirstöðvar

Fjöldi greiðenda



Árlegar afborganir á verðlagi ársins 2005 (m.kr.)



námslána falla niður við fráföll greiðanda.

Meðaltekjur greiðenda R-lána árið 2004 vegna afborgana ársins 2005 voru 3.117.914 kr, G-lána 3.953.744 kr, S-lána 3.814.252 kr og V-lána 4.092.853. Milli ára hækkuðu tekjur greiðenda R-lána um 6,6%, S-lána um 7,5% og V-lána um 3,1%.

Vanskil V-lána án dráttarvaxta námu 36,9 milljónum króna og lækkuðu um 3,1 milljón. Vanskil S-lána námu 209,5 milljónum króna og hækkuðu um 17,3 milljónir og vanskil R-lána námu 170,8 milljónum og lækkuðu um 20 milljónir. 41,7% vanskila V-lána eru vegna gjaldfallinna greiðslna á árinu 2005, 30,1% S-lána og 53% R-lána.

Árlega fær sjóðurinn upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um tekjur þeirra greiðenda af námslánnum sem búsettir eru á Íslandi, en greiðendur búsettir erlendis verða á hinn bóginn sjálfir að koma staðfestum tekjuupplýsingum til sjóðsins. Ef upplýsingar um tekjur greiðenda bárust ekki tímanlega voru þær áætlaðar af sjóðnum, að þessu sinni annað hvort 7,0 m.kr eða tvöfaldar eftirstöðvar námslánsins, eftir því hvor fjárhæðin var hærri. Í júlíbyrjun 2005 var sent bréf til þeirra greiðenda sem áttu lögheimili erlendis 1. desember 2004 og óskað eftir upplýsingum um tekjur þeirra. Send voru bréf til um 3.700 einstaklinga. Alls sendu 2.900 manns inn upplýsingar um tekjur sínar árið 2004.

Á árinu samþykkti stjórnin að veita lánþegum sem greiddu upp ógjaldfallið námslán sitt afslátt sem næmi kostnaðarlækkun sjóðsins vegna uppgreiðslunnar. Einn nýtti sér þetta og nam uppgreiðslan samtals 832.198 kr. og afsláttur samtals 256.273 kr.

Snemma árs var gerður samningur við Intrum Justitia um innheimtu vanskilakrafna vegna svokallaðra bankabréfa. Þ.e. skuldabréfa sem innheimt eru hjá Landsbankanum fyrir hönd sjóðsins. Með samningnum tekur Intrum að sér milliinnheimtu vanskilagjalddaga þessara bréfa.

Tölvumál.

Útsendingamál

Í námsáraskiptum fyrir námsárið 2005-2006 var lögð lokahönd á breytingar á útsendingum sem unnið hafði verið að frá því í nóvember.

Þessar breytingar fólu í sér að hætta notkun orðsendinga og vera eingöngu með beiðnir og tilkynningar. Innleitt var stoppunarstig beiðna þannig að þær stoppuðu annað hvort lánsáætlun eða útborgun og mismunandi prentform var skilgreint. Möguleg prentform voru prentari í tölvudeild, prentari starfsmanns og tölvupóstur.

Útfært var samþykktarkerfi þannig að hægt var að skilgreina beiðnir sem nauðsynlegt var að starfsmenn færu yfir og undirrituðu fyrir útsendingu. Á starfsmannavef var útbúið viðmót fyrir starfsmenn til að samþykkja eða hafna beiðnum sem prentuðust út á prentara starfsmanns við samþykkt.

Einnig voru skilgreindir útsendingardagar beiðna þannig að hægt væri að panta þær í upphafi námsárs, en þær færu ekki út fyrr en á fyrirfram skilgreindum degi og stoppuðu ekki útreikning eða útborgun námsmanns fyrr en eftir útsendingu. Útbúin var mynd þar sem hægt er að fylgjast með útsendingum og óvirkja og móttaka

„Hætt var notkun orðsendinga og í staðinn voru eingöngu notaðar beiðnir og tilkynningar sem voru sendar út á mismunandi tímamarkum í úthlutunarferlinu.“

beiðnir, óháð því hvort þær eru útistandandi eða ekki, ásamt því að ítreka beiðnir.

Í tengslum við þessar breytingar voru allar útsendingar yfirfarnar og þeim fækkað.

Sumarumsóknir

Fyrir sumarumsóknir 2006 var haldið áfram með þá þróun sem hófst ári fyrr og sjálfvirkur flutningur umsókna yfir í „gamla námslánakerfið“ var útfærður. Farið var að gefa út lánsáætlun fyrir sumarannir í samræmi við fjölda umsótttra eininga. Í samstarfi við Háskólann á Bifröst var útfærð vefþjónusta til að taka rafrænt yfir upplýsingar um umsóttan einingafjölda á sumarönnum og sumarlán og skólagjöld sumarannar voru reiknuð út frá þeim. Þetta gerði það að verkum að umsýsla með umsóknir um sumarlán hjá Háskólanum á Bifröst varð nánast alsjálfvirk. Þessi vinna hófst í maí og lauk í september.

Nýr lánaflokkur

Með tilkomu G-lána þurfti að gera breytingar á innheimtakerfi og gjalddagavinnslum. Breyta þurfti innlestri og meðhöndlun tekjuupplýsinga þannig að hægt væri að taka inn í kerfið, skrá og breyta fjármagnstekjum. Tækifærið var notað og í leiðinni var bætt við flutningi á tekjuupplýsingum úr námslánakerfi yfir í innheimtakerfi fyrir þá einstaklinga sem voru í námi erlendis og jafnframt greiðendur.

Búa þurfti til nýja gjalddagavinnslu fyrir G-lán, breyta endurútreikningi, útprentun greiðsluseðla, LÍN dreifingu, kortaafborgun, og greiðslufresti. Í þessum breytingum var endurútreikningurinn endurskrifaður. Í framhaldi af því voru allar gjalddagavinnslur endurskrifaðar þar sem nýja endurútreikningsfallið var nýtt, sú vinna stóð yfir út árið.

Innheimtakerfi

Vinna við að flytja innheimtakerfið yfir í starfsmannavefinn hófst í maí og stóð allt árið. Byrjað var á myndum sem sýndu yfirlit greiðenda. Í kjölfarið var farið í skráningarmyndir. Til að byrja með voru gerðar myndir fyrir skráningu tekna og breytt heimilisfang greiðenda.

Í ágúst voru settar upp á Mínu svæði umsóknir um LÍN dreifingu og kortaafborgun, í framhaldi af því voru unnar myndir á starfsmannavef þar sem hægt var að skoða yfirlit yfir umsóknir og umferð um þær ásamt myndum til að skoða, skrá og breyta umsóknum.

Fyrir 1. nóvember gjalddagann var búið að færa prentun greiðsluseðla yfir í Crystal Report kerfið (CR-kerfið) þannig að allar töflur á svuntum greiðsluseðla voru prentaðar með seðlinum. Með þessu fyrirkomulagi var hægt að hætta forprentun á svuntur greiðsluseðla og því hægt að hafa einungis eina gerð af forprentuðum greiðsluseðlum fyrir alla lánaflokkka. Einnig varð framsetning á svuntum mun snyrtilegri.

Útbúin var síða á Mínu svæði sem sýndi áramótastöðu, þetta var fyrsta síðan á Mínu svæði ætluð fyrir greiðendur. Í tengslum við

„Með tilkomu G-lána þurfti að gera breytingar á innheimtakerfi og gjalddagavinnslum.“

„Vinna við að flytja innheimtakerfið yfir í starfsmannavefinn hófst í maí og stóð allt árið.“

„Á vormánuðum voru gerðar breytingar á ferli flutnings lána í innheimtu. Markmið breytinganna var að hægt væri að flytja lán í innheimtu þó að á því væri útistandandi endurgreiðslubréf vegna ofláns (E-bréf) og hægt væri að innheimta ofgreiðsluna innheimtumegin.“

samræmdar voru upplýsingar í síðunni við upplýsingar í skrá sem send var til RSK. Útsendingu áramótastöðu á pappírformi var hætt.

Síða sem sýnir áramótastöðuna var síðar einnig sett inn í starfsmannavefinn og upplýsingarmyndir á starfsmannavef voru settar á Mitt svæði undir „Greiðanda“.

Í febrúar var rafræn umsókn um frestun afborgana sett á Mitt svæði og samhliða því voru unnar myndir fyrir starfsmenn til að skoða, skrá og vinna með frestumsóknir.

Námslánakerfi

Próun starfsmannavefs var haldið áfram. M.a. var haldið áfram að flytja síður úr gamla kerfinu yfir í starfsmannavefinn, t.d. síður fyrir umsjónaraðila starfsmannavefsins.

Í tenglum við breytingar sem þurfti að gera vegna myndunar endurgreiðslubréfa (E-bréfa) á G-bréf var ferli við myndun E-bréfa og móttöku greiðslna inn á opin skuldabréf endurskoðað. Skilafrestur á E-bréfum var skilgreindur og ferli við ítrekanir E-bréfa skilgreint. Innleidd var bakfærsla útborgana sem átti við þegar heil útborgun var endurgreidd. Þá var hægt að bakfæra hana í stað þess að taka innborgun inn á lánið. Prentun E-bréfs og kvittana vegna móttöku E-bréfa eða innborgana á opin skuldabréf var sett í CR-kerfið. Á starfsmannavef undir „Skuldabréfum“ var samhliða þessum breytingum gerð ný mynd og innleitt breytt ferli við móttöku bankaábyrgða. Með þessum breytingum varð vinna við meðhöndlun bankaábyrgða mun einfaldari fyrir starfsmenn LÍN.

E-bréf og flutningur í innheimtu

Á vormánuðum voru gerðar breytingar á ferli flutnings lána í innheimtu. Markmið breytinganna var að hægt væri að flytja lán í innheimtu þó að á því væri útistandandi endurgreiðslubréf vegna ofláns (E-bréf) og hægt væri að innheimta ofgreiðsluna innheimtumegin. Í innheimtakerfinu var innleiddur aukagjalddagi vegna ógreidda E-bréfanna og gerðar aðlaganir á kerfinu til að aukagjalddaginn félli inn í innheimtuferlið.

Í framhaldi af þessum breytingum var ferli með eftirfylgni E-bréfa breytt þannig að ef E-bréfum var ekki skilað eftir ítrekaða innheimtu þeirra leiddi það til þess að námslok voru sett á skuldabréfið, það flutt í innheimtu og aukagjalddagi myndaður fyrir ofgreiðslunni.

Breytingar á fjármálum LÍN.

Hér er fjallað um helstu stærðir í fjármálum sjóðsins, útlán, framlög úr ríkissjóði og lántökur sjóðsins árin 1999–2005. Þróun námsaðstoðar og framlaga ríkissjóðs kemur fram á mynd hér að neðan.

Lántökur.

Lántökur LÍN hækkuðu um 14,6% milli ára 2004 og 2005 eða um 600 m.kr. Ástæða hækkunarinnar er aukning útlána milli ára um tæpar 400 m.kr. og hækkun afborgana af teknum lánnum sjóðsins milli ára. Afborganir ársins 2005 námu 3.669 milljónum króna, sem er 545 milljóna króna hækkun frá fyrra ári. Vaxtagreiðslur námu 1.753 m.kr. á móti 1.682 m. kr. árið áður. Öll lán sjóðsins eru tekin hjá Endurlánnum ríkissjóðs og eru frá og með október 2005 tekin til 25 ára.

